

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 939/2010

2012/EES/7/49

frá 20. október 2010

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að því er varðar leyfileg vikmörk í merkingum um samsetningu fôðurefna eða fôðurblandna eins og um getur í 5. mgr. 11. gr. (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN  
HEFUR,

EVROPUSAMBANDSINS

merkingar hafa verið innleidd fyrir þessi fôðurefni með 15. og 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

- 4) Þar eð engar aðferðir eru fyrir hendi á vettvangi Evrópusambandsins til að ákvarða orkugildi og prótingildi ber að heimila aðildarríkjum að halda sig við sín landsbundnu vikmörk varðandi þessa þætti.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fôðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 27. gr.,

- 5) Að því er varðar nýlega innleiddu vikmörkin fyrir fôðuraukefni í fôðri skal gera skýra grein fyrir því að þau gilda einungis um tæknileg frávik, enda eru greiningarvikmörk þegar ákvörðuð í samræmi við opinberar greiningaraðferðir fyrir viðkomandi fôðuraukefni. Vikmörkin skulu gilda um tilgreind gildi í skránni yfir fôðuraukefni og í skránni yfir greiningarþætti.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 767/2009 er kveðið á um bálk reglna ESB varðandi skilyrði fyrir setningu fôðurefnis og fôðurblandna á markað. Í IV. viðauka við þessa reglugerð er að finna leyfileg vikmörk í merkingum um samsetningu fôðurefna eða fôðurblandna.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

- 2) Tölfræðileg viðmiðunargögn frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum um frávik í fôðursýnum hafa leitt í ljós að gera þarf veigamiklar breytingar á þáttunum sem eru settir fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 svo unnt sé að taka til athugunar vísindalega og tæknilega þróun í sýnatöku og greiningaraðferðum. Framkvæmdastjórnin hefur nú lokið mati sínu á gögnunum og í kjölfar þess er rétt að breyta efnisskipan og þáttum IV. viðauka.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 1.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi gildir frá 1. september 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Í stað IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 komi eftirfarandi:

## „IV. VIÐAUKI

**Leyfileg vikmörk í merkingum um samsetningu fôðurefna eða fôðurblandna eins og um getur í 5. mgr. 11. gr.**

**A-hluti: Vikmörk fyrir greiningarþætti sem settir eru fram í I., V., VI. og VII. viðauka**

1. Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í þessum hluta, gilda einnig um tæknileg frávik og greiningarfrávik. Þegar greiningarvikmörk, sem gilda um mælióvissu og frávik í vinnsluferli, eru fastsett á vettvangi Evrópusambandsins skal aðlaga gildin, sem sett eru fram í 2. mgr., til samræmis til að þau gildi aðeins um tæknilegu vikmörkin.
2. Þegar samsetning fôðurefnis eða fôðurblandu reynist vikja frá gildinu samkvæmt merkingu greiningarþáttanna, sem settir eru fram í I., V., VI. og VII. viðauka, gilda eftirfarandi vikmörk:
  - a) fyrir óunna olíu og fitu, hráprótín og hráösku:
    - i.  $\pm 3\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er  $24\%$  eða meira,
    - ii.  $\pm 12,5\%$  af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en  $24\%$  en ekki minna en  $8\%$ ,
    - iii.  $\pm 1\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er minna en  $8\%$ ,
  - b) fyrir hrátrefjar, sykrur og sterkju
    - i.  $\pm 3,5\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er  $20\%$  eða meira,
    - ii.  $\pm 17,5\%$  af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en  $20\%$  en ekki minna en  $10\%$ ,
    - iii.  $\pm 1,7\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er minna en  $10\%$ ,
  - c) fyrir kalsíum, ösku sem er óleysanleg í saltsýru, heildarfosfór, natríum, kalíum og magnesíum:
    - i.  $\pm 1\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er  $5\%$  eða meira,
    - ii.  $\pm 20\%$  af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en  $5\%$  en ekki minna en  $1\%$ ,
    - iii.  $\pm 0,2\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er minna en  $1\%$ ,
  - d) fyrir raka:
    - i.  $\pm 8\%$  af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er  $12,5\%$  eða meira,
    - ii.  $\pm 1\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er minna en  $12,5\%$  en ekki minna en  $5\%$ ,
    - iii.  $\pm 20\%$  af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en  $5\%$  en ekki minna en  $2\%$ ,
    - iv.  $\pm 0,4\%$  af heildarmassa eða -umfangi ef tilgreint innihald er minna en  $2\%$ ,
  - e) að því er varðar orkugildi og prótingildi, ef ekki hefur verið mælt fyrir um nein vikmörk í samræmi við aðferð Sambandsins eða í samræmi við opinbera, innlenda aðferð í aðildarríkinu þar sem fôðrið er sett á markað, gilda eftirfarandi vikmörk:  $5\%$  fyrir orkugildi og  $10\%$  fyrir prótingildi.
3. Þrátt fyrir a-lið 2. liðar, að því er varðar óunna olíu og fitu og hráprótín í gæludýrafôðri þar sem tilgreint innihald er minna en  $16\%$ , skulu leyfð frávik vera  $\pm 2\%$  af heildarmassa eða -umfangi.
4. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar mega leyfð, efri frávik frá tilgreindu innihaldi nema allt að tvöföldum vikmörkum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, fyrir óunna olíu og fitu, sykrur, sterkju, kalsíum, natríum, kalíum, magnesíum, orkugildi og prótingildi.
5. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar gilda vikmörkin fyrir ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, og fyrir raka einungis sem efri mörk en engin neðri vikmörk eru sett.

**B-hluti: Vikmörk fyrir fôðuraukefni sem merkt eru í samræmi við I., V., VI. og VII. viðauka**

1. Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í þessum hluta, gilda einungis um tæknileg frávik. Þau gilda um fôðuraukefnin í skránni yfir fôðuraukefni og í skránni yfir greiningarþætti.

Að því er varðar fôðuraukefni, sem skráð eru sem greiningarþættir, gilda vikmörkin um heildarmagn sem er merkt sem tryggt magn við lok lágmarksgeymsluþolstíma fôðursins.

Þegar innihald fôðuraukefnis í fôðurefni eða fôðurlöndu reynist vera undir tilgreindu innihaldi gilda eftirfarandi vikmörk <sup>(2)</sup>:

- a) 10% ef tilgreint innihald er 1000 einingar eða meira,
  - b) 100 einingar ef uppgafið innihald er minna en 1000 einingar en ekki minna en 500 einingar,
  - c) 20% af uppgefnu innihaldi ef það er minna en 500 einingar en ekki minna en 1 eining,
  - d) 0,2 einingar ef uppgafið innihald er minna en 1 eining en ekki minna en 0,5 eining,
  - e) 40% af uppgefnu innihaldi ef það er minna en 0,5 eining.
2. Þegar mælt er fyrir um lágmarks- og/eða hámarksinnihald aukefnis í fôðri í viðkomandi leyfisgerð fyrir aukefninu gilda tæknilegu vikmörkin, sem mælt er fyrir um í 1. lið, einungis um innihald yfir lágmarksinnihaldi eða undir hámarksinnihaldi, eftir því sem við á.
  3. Svo lengi sem ekki er farið yfir fastsettu hámarksgildin fyrir fôðuraukefni, sem um getur í 2. lið, mega frávik frá uppgefnu innihaldi nema allt að þreföldum vikmörkum sem mælt er fyrir um í 1. lið. Ef mælt er fyrir um hámarksinnihald fyrir fôðuraukefni, sem tilheyra hópi örvera, í viðkomandi leyfisgerð fyrir aukefninu má hámarksinnihald þó ekki fara yfir leyfilegt efra gildi.“

---

<sup>(2)</sup> Ein eining merkir í þessum lið 1 mg, 1000 alþjóðaeiningar, þyrpingarfjöldann  $1 \times 10^9$  eða 100 ensimvirkneiningar af viðkomandi fôðuraukefni fyrir hvert kíló af fôðri, eins og við á.